

Tillaga til þingsályktunar

um menntastefnu til ársins 2030.

Frá mennta- og menningarmálaráðherra.

Alþingi ályktar að setja menntun landsmanna í öndvegi. Formleg jafnt sem óformleg menntun er grundvöllur velsældar og framfara þjóða og framúrskarandi menntakerfi er undirstaða að alþjóðlega samkeppnishæfu atvinnulífi. Allir eiga að hafa jöfn tækifæri til náms því allir geta lært og allir skipta máli.

Tilgangur heildstæðrar menntastefnu er að móta öflugt og sveigjanlegt menntakerfi þar sem stofnanir þess eru mennta-, menningar-, lista- og samfélagsmiðstöðvar. Mannauður í öllum menntastofnunum gegnir lykilhlutverki í framkvæmd menntastefnu enda er starf kennara mikilvægast allra starfa og er í raun grunnur að öllum öðrum störfum. Menntun og hæfni einstaklingsins er lykilforsenda þess að Ísland mæti áskorunum framtíðarinnar sem felast í örum breytingum á samfélagi, náttúru og tækni og skapi úr þeim ný tækifæri. Á þann hátt verður Ísland eftirsóknarverður áfangastaður til búsetu, náms og vinnu. Skólar og fræðsluaðilar eru einu stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði, þjálfað gagnrýna og skapandi hugsun og getuna til að mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum. Menntastefna til ársins 2030 endurspeglar leiðarljósið *allir geta lært* sem felur í sér áherslu á virka þátttöku allra í lýðræðissamfélagi sem byggir á jafnrétti og mannréttindum, heilbrigði og velferð og sjálfbærni. Gildi menntastefnunnar eru *velliðan, þrautseigja og árangur*.

Menntastefna til ársins 2030 er mótuð með aðkomu fjölmargra aðila úr skólasamfélaginu meðal annars með fundaröð um land allt um menntun fyrir alla. Haustið 2018 og haustið 2019 voru haldnir fundir um menntun fyrir alla á sex svæðisþingum tónlistarskóla og einnig með samstarfi við atvinnulíf, aðra hagsmunaaðila og OECD. Stefnan tekur mið af alþjóðlegum sáttmálum, samningum og skuldbindingum svo sem Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þar er menntun fyrir alla eitt lykilmarkmiðið með áherslu á að tryggja jafnan aðgang að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.

Stefnan dregur saman innihald fjölda stefna og skýrslna sem unnar hafa verið í margvíslegu samstarfi ráðuneytisins og má þar nefna aðalnámskrár, nýliðun kennara, kennararáð, starfsþróun kennara og stjórnenda, fræðslu, menntun fyrir alla, málefni nemenda af erlendum uppruna, framlög til háskóla, regluverk framhaldsfræðslu og þróun samræmdra prófa og námsgagna. Menntastefna er veigamikill hluti í þróun hæfnistefnu Íslands, það er að segja hvaða hæfni samfélagið þarf að búa yfir til að nýta mannauð sinn og aðrar auðlindir sem best til að tryggja samkeppnishæfni og lífsgæði þegna sinna.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti vinnur samhliða að aðgerðaáætlun á grundvelli menntastefnu þessarar og mun með reglubundnum hætti gera grein fyrir framgangi hennar.

I. MEGINMARKMIÐ.

Markmið stjórnvalda er að veita framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, velliðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært. Framúrskarandi menntun leggur áherslu á að allir fái tækifæri til að þroskast og auka hæfni sína á eigin forsendum með virkri lýðræðislegri þátttöku, samstarfi, samskiptum og skapandi gagnrýninni hugsun.

Stjórnvöld vilja að:

- A. kennsla og stjórnun menntastofnana verði framúrskarandi,
- B. allir hafi jöfn tækifæri til menntunar,
- C. námskrá, námsumhverfi og námsmat styðji við hæfni til framtíðar,

D. samábyrgð ríki um framkvæmd og gæði skóla- og fræðslustarfs.

Á grundvelli ofangreindra meginmarkmiða hafa verið skilgreindar megináherslur undir hverju markmiði og er þeim nánar lýst í meðfylgjandi greinargerð. Markmiðin munu endurspeglast í öðrum opinberum áætlunum ráðuneytisins þar sem aðgerðir verða stilltar saman. Samhliða þeirri vinnu verður skoðað með helstu hagsmunaaðilum hvort tilefni sé til að nútímavæða menntakerfið enn frekar í þágu hagsmuna nemenda og samfélags til framtíðar meðal annars með tilraunaverkefnum.

II. ÁHERSLUR 2020–2030.

A. Framúrskarandi kennsla og stjórnun menntastofnana.

Mikilvægi kennara, skólastjórnenda og annarra starfsmanna í menntakerfinu.

Kennarar og skólastjórnendur eru ein mesta auðlind hvers samfélags. Kennsla og stjórnun í skólum og hjá öðrum fræðsluaðilum er meðal þeirra starfa þjóðfélagsins sem leggja grunn að öðrum störfum. Áhersla verður lögð á vitundarvakningu um mikilvægi allra kennarastarfa í samfélaginu þannig að kennarastarfið verði eftirsóknarvert og njóti virðingar. Inntak kennaramenntunar og starfsþróunar allra starfsmanna þarf að taka mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og styðja við markmið stjórnvalda um að á Íslandi verði framúrskarandi menntakerfi sem tekur til skilvirkra kennara og stjórnenda. Skilvirk innleiðing á lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla er einnig nauðsynleg til að nýta þann mannauð sem best. Menntakerfi framtíðar kallar á aukið samstarf, viðhorf nýsköpunar og samvinnu sérfræðinga og stofnana innan og milli kerfa og fræðsluaðila.

Nýliðun kennara.

Fullnægjandi nýliðun kennara er forsenda þess að Ísland geti búið yfir framúrskarandi menntakerfi. Reyndin er sú að meðalaldur starfandi kennara fer hækkandi, háskólar ná ekki að brautskrá nægilega marga kennara til að mæta þörfum fyrir nýliðun, brotthvarf úr kennaranámi er hátt og brotthvarf nýútskrifaðra kennara er mest á fyrstu þremur árum þeirra í starfi. Mikil áhersla verður lögð á aðgerðir til að snúa þessari þróun við svo uppfylla megi þörf fyrir kennara í öllu menntakerfinu og á öllum fagsviðum. Vonir standa til að lagaákvæði um eitt leyfisbréf á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi verði hvatning til aukinnar nýliðunar kennara og starfsþróunar og styrki sjálfsmynd og fagvitund kennarastéttarinnar.

Stefnumiðuð starfsþróun og lærdómssamfélag.

Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni fagþekkingu og starfsánægju kennara og skólastjórnenda og hefur jákvæð áhrif á árangur þeirra í starfi. Tengsl þurfa að vera á milli grunnmenntunar, starfsnáms og starfsþróunar kennara og skólastjórnenda þannig að þeir geti markvisst aukið þekkingu sína og hæfni, fylgst með helstu nýjungum, unnið með öðrum og ígrundað færar leiðir til þróunar í störfum sínum. Þar að auki þarf að tryggja framboð á starfsþróun fyrir kennara, aðra fræðsluaðila og skólastjórnendur um allt land. Efniviður og umgjörð starfsþróunar á öllum skólastigum og skólagæðum þarf að vera fjölbreytt, fagleg og í sífelldri þróun í takt við samfélagsbreytingar og nýjustu rannsóknir. Einnig þarf starfsþróun að svara þörfum einstaklinga, skóla- og fræðslustarfsins í heild. Jafnframt er mikilvægt að hver skóli og fræðsluaðilar þrói lærdómssamfélag og samstarfsmenningu um starfshætti sína og eigin starfsþróun til að stuðla að vellíðan og árangri nemenda og bættu starfsumhverfi alls starfsfólks. Þannig er einnig unnið að því að hver kennari geti beitt fjölbreyttum kennsluaðferðum sem styðja við og auka áhuga og hæfni nemenda til framtíðar. Lögfasta þarf hlutverk háskóla í starfsþróun. Sérstaklega þarf að skilgreina hlutverk þeirra í starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Jákvæð samskipti og skólabragur.

Skólar og aðrar fræðslustofnanir eru mikilvægustu stofnanir samfélagsins til að stuðla að jákvæðum og friðsamlegum samskiptum, tengslum ólíkra samfélagshópa og búa til eitt samfélag fyrir alla. Jafnframt eru miklir möguleikar að ná þessum markmiðum í starfi frístundaheimila, félagsmiðstöðva, ungmennahúsa og öllu öðru skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Gerðar verða væntingar til foreldra um samstarf við að efla jákvæð samskipti og skólabrag. Mikilvægt er að skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk í skólum og fræðslustofnunum svo og leiðtogar í

Íþrótt- og æskulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi hafi í starfi sínu vellíðan, almennan þroska, árangur og farsæld allra nemenda að leiðarljósi og skapi góð og jákvæð samskipti þar sem velferð, vellíðan og árangur allra er í fyrirrúmi. Efling lærdómssamfélags sem mætir ólíkum þörfum hvetur fólk á öllum aldri til dáða, eykur líkur á markvissri þekkingarsköpun og vinnur gegn samskiptaerfiðleikum, skólaforðun, brotthvarfi, óæskilegri hegðun og ofbeldi af öllu tagi.

B. Jöfn tækifæri til menntunar.

Samfélagsleg vitund um mikilvægi menntunar.

Unnið verður markvisst að vitundarvakningu þjóðarinnar um mikilvægi menntunar alla ævi. Auka þarf virðingu fyrir menntun í viðum skilningi sem nær yfir bæði formlegt og óformlegt nám. Áhersla verður lögð á að íslenskt menntakerfi sé í stakk búið til að takast á við samfélagsbreytingar og áskoranir framtíðarinnar og að það stuðli að jöfnum tækifærum allra til náms og virkrar þátttöku í sjálfbærri lýðræðissamfélagi. Sjálfbærnimenntun, umhverfisvitund, samfélagskennd og loftslagsmál eiga ríkt erindi í alla skóla. Þannig verður unnið að því að ná sameiginlegum skilningi á *mikilvægi menntunar* á öllum sviðum þjóðlífsins og öllum stöðum menntakerfisins. Menntastofnanir á öllum stigum og af öllum gerðum verða jafnframt að vera eftirsóknarverðir vinnustaðir og kennarastarfið áhugaverður kostur fyrir fólk óháð kyni og uppruna. Þá leggur óformleg menntun grunn að framtíðarfærni einstaklinga, meðal annars í samskiptum, umburðarlyndi, menningarlausni og samfélagsvitund.

Jöfn tækifæri allra til náms.

Hlutverk menntakerfisins er bæði að mennta einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu og að móta og viðhalda síbreytilegu samfélagi og menningu þannig að allir fái jafngild tækifæri til náms á forsendum hvers einstaklings óháð búsetu, aldri, kyni, menntun, uppruna, efnahag og stöðu. Fjölmenningarlegt skólastarf sem fagnar margbreytileika og fjölbreytni í nemendahópnum og byggir á auðlindum og styrkleikum barna og ungmenna verði aðalmerki skólakerfisins. Litið verði á menningu og móðurmál fólks af erlendum uppruna sem auðlind sem kemur þeim öllum og samfélaginu til góða. Menntakerfi landsins myndar samstæða heild, sem felur í sér samfellu í þjónustu við nemendur frá leikskólum til háskóla og í ævinámi fullorðinna. Því til stuðnings fer fram öflug menningarmenntun í listaskólum víða um land. Þá fer margs konar starfsþróun og símenntun fram hjá þekkingarsetrum, símenntunarmiðstöðvum og fræðslufyrirtækjum í háskólum landsins og í auknum mæli inni á vinnustöðum. Á hverju skólastigi og skólagerð er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, farsæld og menntun hvers og eins. Þá eru óþrjótandi möguleikar óformlegrar menntunar sem meðal annars fer fram í frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi til að móta öruggt umhverfi og aðstæður til leikja, mótunar vinabanda, eflingar félagsfærni, læsis, sköpunar og þroska. Jöfn tækifæri fela ekki einungis í sér umræðu um framboð, aðgengi og framkvæmd á námi og fjárhagslegan stuðning heldur einnig hvernig hægt er að draga úr kynja- og aldurshalla. Áhersla verður því lögð á að jafna möguleika, einkum á framhalds- og háskólastigi, með það að markmiði að starfs-, iðn- og tæknináms og umönnunar- og kennslustörf verði eftirsóknarverðir kostir fyrir ungt fólk óháð kyni og uppruna. Þá þarf að vera leið til símenntunar til að mæta nýjungum og þróun starfa. Liður í jafnrétti til náms er nýtt stuðningskerfi fyrir námsmenn sem miðar að því að jafna stuðning og dreifingu námsstyrkja, auka skilvirkni og bæta fjárhagsstöðu námsmanna. Sérstaklega verður hugað að kynja- og jafnréttissjónarmiðum, náms- og starfsráðgjöf og fjar- og dreifnámi.

Væntingar til nemenda.

Jöfn tækifæri til menntunar fela í sér að í boði sé nám við hæfi en jafnframt að raunhæfar væntingar séu gerðar til nemenda. Mikilvægt er að skólar og fræðsluaðilar taki mið af þörfum, getu og hæfni nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Með því að gefa áhugasviðum þeirra aukið rými í skóla- og fræðslustarfinu gefast tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins og vinna gegn neikvæðum samskiptum og ofbeldi af öllu tagi. Nemendur þurfa að kunna að afla sér nýrrar þekkingar og leikni ásamt því að geta beitt og hagnýtt þekkingu sína. Nemendur þurfa einnig að vera meðvitaðir um mikilvægi þess að vera ábyrgir og skapandi í þekkingarleit sinni, ígrundun og rökstuðningi. Námsþæfni felur í sér sjálfsþekkingu, meðal annars að þekkja eigin styrkleika og geta sett sér raunhæf markmið. Hæfileikanum til að læra þarf einnig að viðhalda meðal fullorðinna námsmanna sem munu

sækja sér nýja þekkingu samhliða breytingu á störfum. Auknar væntingar verða gerðar til nemenda um þrautseigju, árangur í námi og að ljúka námi á tilsettum tíma að teknu tilliti til þarfa og aðstæðna. Lögð verður aukin áhersla á ábyrgðarkennd, félagsfærni og samfélags- og umhverfisvitund og stutt betur við skólagöngu nemenda. Gera þarf kröfur um góða íslenskufærni barna jafnt sem fullorðinna sem hafa annað móðurmál en íslensku og að þeir hafi möguleika á að þróa móðurmál sitt áfram samtímis og geti nýtt styrkleika sína í námi á eigin forsendum.

Læsi og íslensk tunga.

Læsi er lykill að lífsgæðum. Læsi endurspeglar hæfni einstaklings til að skynja og skilja umhverfi sitt, náttúru og samfélag á gagnrýninn hátt og taki þátt í að móta það. Læsi er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er forsenda þátttöku í lýðræðissamfélagi. Nám þarf að fela í sér sérstaka áherslu á málnotkun, málskilning, lesskilning, tjáningu, ritun og hlustun til að nemendur geti beitt þekkingu og færni til að greina, skilja, útskýra og leysa viðfangsefni. Mikilvægt er að standa vörð um og auka áhuga á íslenskrri tungu og menningu hjá öllum kynslóðum. Samhliða áherslu á varðveislu tungumálsins er mikilvægt að efla læsi í víðum skilningi.

Starfs-, iðn- og tækninám.

Starfs-, iðn- og tækninám er forsenda sjálfbærni atvinnugreina á Íslandi. Mikil eftirspurn eftir starfs- og tæknimenntuðu fólki hér á landi hefur valdið færnimissræmi á vinnumarkaði. Fyrir vikið er framleiðni á Íslandi undir meðaltali Norðurlandanna og því nauðsynlegt að fleiri sækji sér starfs- og tæknimenntun. Mikilvægt er að bjóða upp á starfsnám sem höfðar til ungs fólks óháð kyni og undirbýr það fyrir þátttöku í samfélaginu, auk þess að brjóta niður staðalímyndir starfa. Í því skyni skrifaði mennta- og menningarmálaráðherra (2020) undir aðgerðaáætlun í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga ungmenna á starfs- og tæknimenntun. Prepaskipt starfsnám byggt á hæfniramma um íslenska menntun frá 2016 er álitleg leið til eflingar starfsnáms. Mikilvægt er að skólar auki framboð á starfsnámi og fagháskólanámi og að raunfærnimat verði nýtt í auknum mæli til að meta margvíslega hæfni umsækjenda inn í nám. Náms- og starfsráðgjafar gegna því hlutverki að aðstoða nemendur við að átta sig á eigin óskum og vilja til að taka farsælar ákvarðanir um nám og starf. Tryggja þarf að nemendur fái markvissa náms- og starfsfræðslu bæði í grunn- og framhaldsskólum sem felur meðal annars í sér fræðslu um nám, námsleiðir, störf og vinnumarkað. Brýnt er að bæta umgjörð um vinnustaðanám og starfsþjálfun til þess að stuðla að skilvirkari samskiptum, samfellu og skýrari framvindu í námi starfsnámsnema.

Ráðgjöf um nám og störf alla ævi.

Farsæll námsferill krefst þess að nemandinn taki upplýstar og ígrundaðar ákvarðanir um nám sitt út frá eigin áhugasviðum, styrkleikum og gildum. Náms- og starfsráðgjöf styður við stöðuga starfsþróun einstaklinga út starfsævina ásamt hæfninni til að stýra náms- og starfsferli í ljósi breyttra atvinnu- og samfélagshátta. Áhersla verði á aðgengi, samfellu og samlegð í náms- og starfsráðgjöf með það að markmiði að einstaklingar finni færni sinni og hæfni farveg og tilgang með námi sínu og dragi þannig úr brotthvarfi og styðji við atvinnuþátttöku. Með markvissri ráðgjöf eykst vellíðan í námi og skuldbinding gagnvart námi og skóla. Náms- og starfsráðgjöf á að vera aðgengileg öllum og veitt af þar til bærum sérfræðingum, náms- og starfsráðgjöfum. Áhersla er lögð á gæði ráðgjafar með tilkomu heildstæðra náms- og starfsráðgjafaráætlana, gæðavísa og aðgengis að stafrænum náms- og starfsupplýsingum. Náms- og starfsfræðsla er mikilvæg á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu. Með auknu aðgengi að miðlægum upplýsingum um nám og störf verður hægt að skerpa á markmiðum og leiðum einstaklinga, finna hæfileikum og styrkleikum farveg og auka tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Samfella verði í þjónustu þvert á menntakerfi og atvinnulíf eykur líkur á farsælli yfirfærslu frá menntun til vinnumarkaðar, frá æsku til fullorðinsára. Þannig skapast jafnframt aukin tækifæri til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar á sviði náms- og starfsráðgjafar. Mikilvægt er að efla útgáfu íslensks efnis til notkunar í náms- og starfsfræðslu, það styður við sjálfstæði einstaklings í náms- og starfsvali. Ævilöng náms- og starfsráðgjöf þarf að vera sýnileg og óháð búsetu eða öðrum forsendum og er rafræn ráðgjöf og miðlægur upplýsingavettvangur þar mikilvægur þáttur.

Samkeppnishæft menntakerfi.

Samkeppnishæfni þjóða byggir á vel menntuðum einstaklingum með skapandi og gagnrýna hugsun, sterka félagsfærni og góð tök á íslensku og erlendum tungumálum. Örar breytingar í samfélaginu kalla á öflugt samstarf stjórnarsýslu, menntakerfis og atvinnulífs. Alþjóðlegt samstarf styður við þróun og nýsköpun í skólastarfi. Mikilvægt er að skólar og fræðsluaðilar vinni markvisst að þróun fjölbreytts náms þar sem tekið er tillit til breytilegra þarfa samfélags og atvinnulífs. Líta þarf á fjölbreytileika og sveigjanleika sem auðlind og styrk í skóla- og fræðslustarfi. Skólar og fræðsluaðilar þurfa í auknum mæli að meta hæfni nemenda þannig að námsframvinda verði skilvirkari og þeir geti byggt á fyrri þekkingu. Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að tileinka sér hæfni á margvíslegan hátt óháð stað, tíma og aðferðum og þá hæfni þarf að viðurkenna. Gæta þarf að því að skólakerfið dragist ekki aftur úr því sem gerist erlendis og tryggja hæfniuppbyggingu vinnuafls, verðmætasköpun og lífsgæði borgaranna. Öflugt rannsóknarstarf er forsenda gæðastarfs á öllum skólastigum og menntarannsóknir nauðsynlegar til umbóta í skólastarfi og stefnumótun. Alþjóðleg tengsl skóla og fræðsluaðila hafa styrkt mjög á undangengnum árum, bæði erlent rannsóknarsamstarf og nemenda- og kennaraskipti og mikilvægt er að nýta þau tækifæri enn betur til að styrkja og þróa tengsl milli íslenskra og erlendra menntastofnana. Samstarf menntakerfis og atvinnulífs er forsenda þess að menntakerfið geti boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu í samræmi við þarfir atvinnulífs til framtíðar. Þar mun þjálfun í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt með greiningu þarfa, vinnu með þær, þróun lausna og framkvæmd skipta miklu máli. Þá er einnig mikilvægt að ýta undir fjölbreytta tungumálafærni nemenda en með því að læra fleiri tungumál eykst skilningur og hreyfanleiki milli landa sem hvetur til aukinnar framleiðni, samkeppnishæfni og efnahagslegrar seiglu samfélaga.

Ævinám og markviss uppbygging hæfni.

Leggja þarf áherslu á nám alla ævi vegna áhrifa örra og sífelldra breytinga á atvinnuháttum (fjórðu iðnbyltingarinnar) á líf fólks, vinnumarkað og samfélag. Því þarf að gera ráð fyrir hreyfanleika á vinnumarkaði, starfsþróun og símenntun. Gott aðgengi að námi þarf að vera til staðar óháð búsetu, aldri, kyni, menntunarstöðu, uppruna og efnahag. Því má ná fram með auknu samstarfi skóla og fræðsluaðila um allt land, skýrari samfellu í námi og þróun fjar- og dreifnáms. Fullorðnum þarf samhliða starfi að standa til boða sveigjanlegt nám við hæfi sem mætir áhuga þeirra og framtíðaráskorunum atvinnulífs. Tryggja þarf aðgengilegar brýr milli formlega skólakerfisins og annarra fræðsluaðila. Sérstaka áherslu þarf að leggja á aðgengi fullorðinna að námi sem eflir grunnhæfni, almenna starfshæfni og alhliða læsi, svo sem miðlalæsi. Kortleggja þarf framkvæmd náms fullorðinna betur og fjármögnun í samstarfi við hagsmunaaðila, þar með talið starfsmenntasjóði aðila á vinnumarkaði. Mikilvægt er að meta menntun innflytjenda og flóttafólks í ríkara mæli svo fyrri þekking nýtist sem best fyrir þá og samfélagið. Þá þarf einnig að leggja áherslu á raunfærnimat sem staðfestir færni einstaklings án tillits til þess hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað.

Sköpun, gagnrýnin hugsun og hagnýting þekkingar.

Sköpun er einn af grunnþáttum gildandi aðalnámskráa og stuðlar að persónulegum þroska, frumkvæði og nýsköpun í námi nemenda. Sköpun er mikilvægur grunnur þess að nemendur geti horft til framtíðar og skapað sér hlutverk innan hennar. Slíka færni þarf að rækta markvisst frá unga aldri. Mikilvægt er að í námsumhverfi sé hvatt til sköpunar og gagnrýninnar hugsunar en það viðheldur virkni nemenda, áhuga og sjálfstæði þeirra og styður við fjölbreytta kennsluhætti og þekkingarleit. Í gegnum listsköpun þroska einstaklingar með sér sjálfstætt gildismat því þátttaka og þjálfun í gagnrýninni umræðu um hlutverk listsköpunar stuðlar að auknum þroska til að taka þátt í samfélagslegri orðræðu. Verkgreinar gegna einnig veigamiklu hlutverki enda felast í þeim tækifæri til að þroska huga og hönd við lausnamiðað starf og nýsköpun. Listsköpun í námi og aukin áhersla á verkgreinar styrkir hagnýtingu þekkingar og gæti mótað framtíðarumhverfi nemenda með jákvæðum hætti og gert þeim kleift að móta þau úrlausnarefni sem felast í menningu þjóðarinnar hverju sinni. Leggja þarf áherslu á list- og verkgreinar í grunnskóla til að einstaklingar nái að þroska með sér sjálfstætt gildismat því þátttaka og þjálfun í gagnrýninni umræðu um handverk og listir veitir einnig aðgang að menningarorðræðu samfélagsins. Í skapandi starfi og lausnaleit gefast tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt og taka þátt í að móta menninguna.

Með þjálfun í skapandi hugsun og aðferðum mótum við fjölbreytt og kraftmikið samfélag þar sem atvinnugreinar sem byggjast á hugverkum og framsýnum lausnum eru mikilvægur drifkraftur til sjálfbærni á öllum sviðum. Staðgóð þekking á eðli sköpunarferla stuðlar að frumkvæði, ígrundun og gagnrýninni hugsun og er því ekki síður mikilvægt en afrakstur verksins. Forsenda þess að virkja og viðhalda sköpunarkrafti nemenda er að þeim sé búið námsumhverfi þar sem hvatt er til frumkvæðis, sjálfstæðis og skapandi hugsunar á sem flestum sviðum. Stafrænar smíðjur og margs konar sprota- og samstarfsverkefni styðja við nýsköpunarhugsun á öllum skólastigum og starfi á vegum fræðsluaðila.

Stafræn borgaravitund og lýðræði.

Lýðræði er ein megingrunnstoðin í aðalnámskrám skólastiganna og stefnu um frístundaheimili. Áhersla er lögð á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu, viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum og virðingu fyrir margbreytileika og öðrum menningarheimum. Þekking, færni og viðhorf sem styðja við ábyrga hegðun og notkun á tækni í stafrænu umhverfi verður sífellt mikilvægari. Þjálfar þarf nemendur markvisst í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna og innan ævináms fullorðinna, meðal annars til að standa vörð um mannréttindi og virkni hvers og eins í lýðræðissamfélagi. Í skóla-, íþrótta- og æskulýðsstarfi er mikilvægt að efla lýðræðisvitund, stuðla að gagnrýninni hugsun, umburðarlyndi og virðingu fyrir náunganum. Samhliða nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni á netinu er nauðsynlegt að nemendur þekki helstu reglur um örugg samskipti á stafrænum miðlum og höfundarrétt. Þeir eiga jafnframt að fá tækifæri til að auka þekkingu sína á persónuvernd, virða siðferði í meðferð og greiningu upplýsinga og heimilda, sýna viðtæka hæfni í greiningu upplýsingaóreiðu, ábyrgri miðlun og notkun tækni. Huga þarf sérstaklega að notkun nemenda á samfélagsmiðlum og kenna þeim að haga sér í heimi þar sem viðmið eru enn að mörgu leyti óþekkt. Efla þarf þekkingu allra á hvað felst í stafrænni borgaravitund meðal annars með því að móta og birta opinber viðmið um stafræna hegðun.

C. Námskrá, námsumhverfi og námsmat styðji við hæfni til framtíðar.

Ákvæði í aðalnámskrám styðji við áherslur menntastefnu.

Aðalnámskrár leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla kveða á um markmið og fyrirkomulag skólustarfs og þar er að finna nánari útfærslu á ákvæðum laga og tilheyrandi reglugerða. Aðalnámskrár taka til nemenda, foreldra og starfsfólks skóla og skólaþjónustu og setja sameiginleg markmið náms og kennslu á hverju skólastigi og í tónlistarskólum. Aðalnámskrár eru bæði stjórnþæki til að fylgja eftir ákvæðum laga og fyrirmælum menntayfirvalda um skólastefnu og safn sameiginlegra markmiða skólustarfs í landinu. Aðalnámskrám er ætlað að samræma nám og kennslu að því marki sem þörf er talin á og tryggja rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarksmenntunar og jafnréttis til náms. Mikilvægt er að aðalnámskrár séu í takt við áherslur í menntamálum til ársins 2030 og styðji við hæfni til framtíðar og verða þær endurskoðaðar þannig að þær styðji við áherslur menntastefnunnar og alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist.

Líðan og námsumhverfi.

Mikilvægt er að nám og námsumhverfi höfði til allra nemenda frá upphafi skólagöngu óháð kyni, aldri, uppruna, búsetu, styrkleikum eða þörfum og styðji við hæfni til framtíðar. Nemendur fái frá fyrstu tíð tækifæri til að hafa áhrif á námsumhverfi sitt og taki þátt í að móta jákvæðan skólabrag og samskiptareglur með áherslu á ábyrgð þeirra og skyldur. Aukin áhersla verður lögð á námsumhverfi utan skólastofunnar, svo sem í tengslum við umhverfismennt og starfsnám. Rík áhersla verður á geðræktarstarf, fjölbættar forvarnir gegn óheilbrigðum lífsstíl, óæskilegri hegðun og ofbeldi af öllu tagi og stuðning við nemendur á öllum skólastigum og skólagerðum auk farsæls og markviss samstarfs heimila og skóla. Áhersla verður lögð á að nemendum bjóðist fjölbreytt námsgögn sem taka mið af stafrænni þróun og margbreytileika nemendahópsins. Einnig þarf að huga að geðrækt og forvörnum meðal fullorðinna. Mikilvægt er að fylgjast markvisst með líðan allra nemenda og bregðast skjótt við með viðeigandi aðgerðum í góðri samvinnu heimila, skóla og annarra fagaðila þegar vísbendingar koma fram um vanlíðan nemenda eða ofbeldi af einhverju tagi. Börn og unglingar sem hafa góða geðheilsu finna fyrir andlegri vellíðan sem gerir þeim kleift að nýta hæfileika sína, taka virkan þátt og takast á uppbyggilegan hátt á við óhjákvæmilegt álag og mótlæti í lífinu. Mikilvægt er að nemendur finni að jafnréttissjónarmiða sé gætt og að umhverfi þeirra stafi ekki ógn af andlegu, líkamlegu og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, áreitni og einelti.

Áhrif nemenda á eigið nám og nemendalýðræði.

Með innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skólum er aukin þátttaka barna í allri ákvörðunartöku og nemendalýðræði virkjað á markvissan hátt. Áhersla er lögð á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, venji sig á gott vinnulag og þrói með sér vaxtarhugarfar og læri að setja sér markmið. Foreldrar ólöggráða barna bera einnig ábyrgð á námi og hegðun barna sinna. Ábyrgðarkennd nemenda þroskast þegar þeim gefst kostur á að velja viðfangsefni og taka ákvarðanir um eigið nám þannig að það verði þeim merkingarþætt og þeir hafi áhrif á eigið námsumhverfi. Það geta þeir gert innan þeirra marka sem aldur þeirra og þroski leyfir. Ábyrgð vex því aðeins ef nemendur venjast því að taka ákvarðanir og standa við þær, bæði ákvarðanir sem nemendur taka einir og ákvarðanir í samræði við aðra. Nemendur þurfa að geta haft áhrif á námsumhverfi sitt til þess að verða áhugasamari, sjálfstæðari og ábyrgari fyrir eigin námi og farsæld. Áhersla verður lögð á að í öllu starfi skóla og fræðsluaðila verði þess gætt að nemendur óháð aldri hafi rétt á og fái tækifæri til að láta í ljós skoðanir sínar og að tekið sé réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Hvetja þarf fólk á öllum aldri til að taka virkan þátt í samfélaginu, ræða og greina viðkvæm álitamál og taka þátt í að móta og taka mikilvægar ákvarðanir. Eins þarf að leggja áherslu á virkt nemendalýðræði nemenda á öllum aldri.

Snemmbær stuðningur.

Snemmbær stuðningur og forvarnir fela í sér að gripið er til aðgerða annaðhvort snemma í lífi barns eða þegar upp koma aðstæður þar sem ljóst er að nemandi þarfnast stuðnings af einhverju tagi. Stuðningurinn getur beinst að nemandanum sjálfum eða umhverfi hans. Mikilvægi fyrstu ævíarána fyrir allan síðari þroska hefur lengi verið ljóst og rannsóknir í þroskasálfræði á undanförunum áratugum hafa einnig sýnt fram á mikilvægi umhverfisáhrifa fyrir þroska barna. Sérstök áhersla verður því lögð á að styrkja leikskólastigið með áherslu á snemmbæran stuðning. Jafnframt þarf viðeigandi stuðning, íhlutun og fyrirbyggjandi aðgerðir á öllum skólastigum. Í þeirri vinnu er þverfaglegur stuðningur og aukið samstarf kerfa sem byggja á nýjustu rannsóknum nauðsynlegt.

Námsmat.

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið, örva nemendur til framfara, meta þarfir á sérstakri aðstoð og fylgjast með hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum sínum og aðalnámskrár. Námsmat er reglubundinn þáttur í skólastarfi og nýtist nemendum og foreldrum þeirra, kennurum og skólastjórnendum við að stuðla að frekari framförum í námi. Mikilvægt er að vanda vel til námsmats á öllum skólastigum og að það styðji við hæfni til framtíðar. Námsmat á að meta hæfni nemenda á gagnsæjan og leiðbeinandi hátt og taka til mismunandi hæfni hvers og eins. Hér þarf sérstaklega að gæta jafnréttis gagnvart nemendum með fötlun og þeim sem eiga við einhvers konar námsörðugleika að stríða. Sérstaklega ber að huga að því að námsmat verði sett fram með þeim hætti að það veiti nákvæmar og samræmdar upplýsingar um framvindu náms reglulega. Námsmat er mikilvægt verkfæri til þess að efla menntakerfið og leitast skal við að stuðla að skýrri og skjótri endurgjöf fyrir nemendur, kennara og foreldra. Mikilvægt er að sameiginlegur skilningur sé á markmiðum og áherslum námsmats og að þau séu í samhengi við áherslur aðalnámskrár.

D. Samábyrgð á framkvæmd og gæðum skólastarfs.

Ábyrgð.

Mikilvægt er að stuðla að samábyrgð á heildstæðu menntakerfi frá upphafi leikskóla og til náms alla ævi. Menntamálayfirvöld hjá ríki og sveitarfélögum, skólaþjónusta, skólastjórnendur, fræðsluaðilar og kennarar bera sameiginlega ábyrgð á því að skóla- og fræðslustarf sé í stöðugri endurskoðun og að umbótaviðleitni einkenni störf þeirra sem þar deila ábyrgð. Framkvæmd og gæði skóla- og fræðslustarfs eru háð því að ábyrgð og verkaskipting sé skýr þar sem hagsmunir nemenda eru í forgrunni. Ríki, sveitarfélög og aðrir sem hafa heimild til reksturs skóla eða fræðslustarfs þurfa að tryggja að nemendur fái nám og kennslu við hæfi í samræmi við fyrirmæli laga, aðalnámskrár, áherslur ríkjandi menntastefnu og alþjóðasáttmála sem Ísland hefur undirgengist. Stjórnendur veita skólum og fræðslustofnunum forstöðu og mikilvægt er að stjórnun og fagleg forysta sé skýr og markviss og að samstarf allra aðila menntakerfisins sé skilvirkt. Kennarar í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skóla- og fræðslustarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrám. Foreldrar ólöggráða nemenda bera ábyrgð á

uppeldi og menntun barna sinna og nemendur bera ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af aldri og þroska. Því þarf að stuðla að virku samstarfi heimila og skóla sem byggir á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun til að styrkja farsæla skólagöngu.

Væntingar til foreldra.

Áhersla er lögð á gott samstarf heimila og skóla þar sem gagnkvæm virðing og traust er viðhaft til að allir nemendur nái að rækta hæfileika sína sem best. Til mikils er að vinna til að efla árangur og hlúa að farsæld, þrautseigju og líðan nemenda. Vellíðan og góð félagsleg tengsl eru mikilvæg forsenda menntunar og farsællar skólagöngu barna. Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar sem búa yfir ómetanlegri þekkingu sem nýta þarf í þágu barnanna. Þeir bera ábyrgð á uppeldi og siðgæðisþroska barna sinna auk þess að sjá til þess að þau mæti tilbúin til að takast á við skóladaginn bæði andlega og líkamlega. Skólar og heimili bera sameiginlega ábyrgð á alhliða námi og þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi. Samkvæmt lögum bera skólastjórnendur ábyrgð á að fylgja slíku samstarfi eftir, að við skólann starfi foreldrafélag og að foreldrar eigi fulltrúa í skólaráðum og foreldraráðum. Mikilvægt er að hver skóli skýri vel samstarf heimila og skóla í nútímasamfélagi fyrir hvert skólastig og allt skipulagt starf með ólöggráða börnum og ungmennum. Skýra þarf hvað felst í samstarfinu, þar með talið hlutverk, ábyrgð og skyldur allra aðila sem koma að námi og þroska nemenda með leiðbeiningum og viðmiðum.

Samhæfing þjónustuaðila.

Samstarf, samráð og samþætting innan og milli kerfa verði rauður þráður í allri framkvæmd menntastefnu þannig að þau sinni samhent sínu fjölbætta þjónustuhlutverki til að tryggja að einstaklingum farnist vel í lífinu. Við allan stuðning og íhlutun er mikilvægt að stuðningskerfi samfélagsins þjóni nemendum á heildstæðan hátt og grípi inn í eftir þörfum með samfelli í þjónustu mismunandi ábyrgðaraðila. Áhersla verður lögð á samábyrgð og samvinnu mennta-, heilbrigðis- og félagsþjónustukerfis á öllum skólastigum. Mikilvægt er að móta samræmd viðmið um þjónustu við nemendur og skóla á landsvísu þar sem meðal annars er hugað að skilgreiningu á samræmdum þjónustusvæðum vegna málefna barna á öllum sviðum. Heildstæð skólaþjónusta sem nær til leik-, grunn-, framhalds-, lista- og háskóla og fullorðinsfræðslu með áherslu á stigskiptan stuðning í námi og stuðning við foreldra og starfsfólk skóla verður í forgrunni.

Umbótamiðað gæðamat.

Mikilvægt er að skýr ábyrgð sé á framkvæmd og gæðum skóla- og fræðslustarfs. Ytra og innra mat á skóla- og fræðslustarfi er mikilvægt hreyfiafl menntastofnana til umbóta og þróunar. Forsenda þess er að vel sé staðið að framkvæmd, það sé byggt á skýrum og rökstuddum viðmiðum um alla þætti og feli í sér skipulega söfnun, greiningu og túlkun gagna sem lýsa starfinu. Efla þarf og þróa slíkt mat meðal annars í samhengi við menntastefnu stjórnvalda og aðra árangursmælikvarða. Skólar og fræðsluaðilar bera sjálfir ábyrgð á innra mati sínu en ráðuneytið og sveitarfélög annast ytra mat á skólum. Mikilvægt er að ytra mat verði sett í fastar skorður fyrir allt menntakerfið í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og annarra fræðsluaðila og að matið fari fram með reglulegum hætti. Einnig þarf að fylgja mati eftir með markvissum stuðningi við umbætur. Ráðuneytið ber jafnframt ábyrgð á að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum þar sem við á. Þá ber ráðuneytinu að fylgjast með stöðu, þróun- og fjármögnun menntakerfisins. Í þeim tilgangi safnar ráðuneytið margvíslegum upplýsingum um skóla- og fræðslustarf meðal annars með þátttöku í alþjóðlegum könnunum á námsárangri og öðrum þáttum starfsins. Brýnt er að niðurstöður í ytra og innra mati séu ávallt nýttar til umbótastarfs í skóla- og fræðslustarfi. Mikilvægt er að efla sjálfsmat á öllum skólastigum.

Menntatölfræði.

Ein forsenda þess að hægt sé að bæta og samhæfa þjónustu og upplýsingagjöf um menntakerfið er að haldið sé utan um mikilvæg gögn á einum stað og að veittur sé aðgangur að þeim á skipulagðan hátt. Nýta þarf ytra og innra mat til úrbóta í skóla- og fræðslustarfi, byggja á niðurstöðum rannsókna, vel skilgreindum athugunum og tölfræðilegri greiningu á gögnum. Skilgreina þarf lykiltölur og birta þær reglulega, meðal annars um námsárangur, líðan, brotthvarf, hlutfall nemenda í starfs-, iðn- og tækninámi, aðgengi að námi og starfsþjálfun í öllum landshlutum og kostnaði við menntakerfið. Vinna

þarf markvisst að því að efla alla menntatölfræði og gera hana aðgengilega með samhæfðum hætti svo upplýsingarnar nýtist sem best samfélaginu til heilla.

Skilvirk ráðstöfun fjármuna.

Skilvirkar fjárveitingar og skýr markmið um gæði náms og þjónustu stuðla að þróun menntakerfis sem best mætir þörfum samfélagsins hverju sinni. Til að íslenskt menntakerfi geti sem best tryggt jöfn tækifæri allra til náms og virkrar þátttöku þarf það að vera vel fjármagnað og byggt á rannsóknum. Reglur og viðmið um fjármögnun vegna leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla verða endurskoðaðar í samstarfi ríkis og sveitarfélaga þannig að horfið verði frá viðbragðsmiðuðum stuðningi og þess í stað lögð áhersla á stuðning og forvarnir til þess að auka hæfni kerfisins til að starfa á grundvelli jafnaðar, skilvirkni og hagkvæmni. Jafnframt verður á vegum ríkisins unnið áfram að endurskoðun og innleiðingu reiknilíkana um fjárveitingar.

Greinargerð

Framúrskarandi menntun er ein meginforsenda þess að Ísland verði samkeppnishæft í alþjóðlegum samanburði en verðmætasköpun næstu áratuga mun meðal annars byggjast á hæfni vinnuaflsins, hugviti, rannsóknum og nýsköpun. Þær öru tæknibreytingar sem orðið hafa síðustu ár og kenndar eru við fjórðu iðnbyltinguna munu hafa áhrif á íslenskt samfélag og efnahagslíf á næstu áratugum. Þær hafa vakið vonir um að tækifærum til að skapa ný og betri störf muni fjölga ört og lífsgæði geti aukist á mörgum sviðum samfélagsins. Náttúruauðlindir eru í eðli sínu takmarkaðar og því þarf verðmætasköpun í auknum mæli að byggjast á hugviti, rannsóknum og nýsköpun ef tryggja á sjálfbæran hagvöxt til langframa. Menntun og aukin hæfni er undirstaða sjálfbærni, framfara og aukinna lífsgæða. Því er nauðsynlegt að hafa öflugt menntakerfi til að færa íslenskt hagkerfi meira frá auðlindadrifnu að hugverkadrifnu hagkerfi, menntakerfi þar sem heildstætt ævinám frá vöggu til grafar sem getur farið fram bæði innan formlega kerfisins sem utan þess hjá stofnunun, félagasamtökum, æskulýðsstarfi og fyrirtækjum. Í alþjóðaumhverfi er mikil samkeppni um vel menntað starfsfólk og til að tryggja samkeppnishæfni þarf að bjóða upp á framúrskarandi menntun á öllum skólastigum og í atvinnulífinu. Markviss stefna um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags er nauðsynlegt skref í átt að samkeppnishæfara menntakerfi á alþjóðavísu, víðsýnna samfélagi, fjölbreyttara vinnuafli og öflugra fræðastarfi.

Á síðustu árum hefur fólki með erlent ríkisfang fjölgað verulega á Íslandi en það skýrist af miklum hagvexti sem hefur skapað eftirspurn eftir vinnuafli. Mikill munur er á mögulegum áhrifum af sjálfvirknivæðingu á vinnu þeirra sem eru með íslenskt ríkisfang og þeirra sem koma frá öðrum löndum. Þetta skýrist einna helst af því að fólk með erlent ríkisfang er líklegra til að vera í störfum þar sem miklar líkur eru á breytingum vegna sjálfvirknivæðingar og má þar nefna störf iðnverkfólks, þjónustustörf og störf í byggingargeiranum.

Í menntastefnu til ársins 2030 er lögð áhersla á aðgengi að framúrskarandi menntun við hæfi hvers og eins óháð kyni, uppruna, aldri og búsetu. Áhersla er lögð á að nemendur ljúki námi sem veiti góðan undirbúning fyrir áframhaldandi nám eða störf ásamt því að starfs-, iðn- og tækninám verði eftirsóknarverður kostur fyrir ungt fólk. Jafnframt verði kennaranám og starfsþróun kennara og skólastjórnenda eflað þannig að kennarar á öllum skólastigum séu framúrskarandi og í stakk búnir að styðja við framþróun samfélagsins með þróun skólastarfs því til heilla. Til þess að það geti orðið er mikilvægt að starfið verði eftirsóknarvert.

Sú stefna, markmið og áherslur sem birtar eru hér hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og alþjóðlegar úttektir á menntakerfi Íslands til hliðsjónar. Einnig eru til hliðsjónar fjölmargar stefnur og aðgerðaáætlanir sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur gefið út á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir framkvæmd stefnunnar í fjármálaáætlunum og fjárlögum. Unnar verða nánari aðgerðaáætlanir um hvern lið, fylgst með innleiðingu og birtar stöðuskýrslur um árangur.

1. Mikilvægi kennara, skólastjórnenda og annarra starfsmanna í menntakerfinu.

Ein mikilvægasta undirstaða öflugs menntakerfis eru skólastjórnendur, kennarar og aðrir fræðsluaðilar. Þeir eru lykilstarfsmenn menntakerfisins og leiða breytingar til umbóta. Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla voru samþykkt á Alþingi í júní 2019 og standa vonir til þess að til lengri tíma litið muni lögin hafa jákvæð

áhrif á inntak kennaramenntunar og stöðu kennara. Markmið laganna er að tryggja að þeir sem sinna uppeldis-, kennslu- og stjórnunarstörfum í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafi menntun og hæfni í samræmi við störf þeirra og ábyrgð. Öflugra kennaranám í takt við þarfir samfélagsins er þáttur í að hvetja til nýsköpunar og þróunar á öllum skólastigum og skólagerðum. Sá möguleiki sem ný lög fela í sér um að kennaranemar geti sérhæft sig á fleiri skólastigum og hafi fjölbreyttari tækifæri til starfsþróunar þvert á skólastig er talinn auka líkur á að kennarastarfið verði eftirsóttara og muni fjölga kennaranemum. Fjölbreytileiki verður meiri þar sem menntað fólk með víðtæka reynslu og menntun mun sækja í kennarastarfið og afla sér kennsluréttinda.

Einnig þarf að huga að öflugum leiðtogum í menntakerfinu öllu, leiðtogum sem veita faglega forystu í samfélagi í örri þróun. Faglegir leiðtogar auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

2. Nýliðun kennara.

Meðalaldur kennara hér á landi fer hækkandi og við óbreytt ástand ná háskólarnir ekki að brautskrá nægilega marga fyrir nauðsynlega nýliðun kennarastéttarinnar. Jafnframt er brotthvarf úr kennaranámi hátt og töluvert um brotthvarf nýútskrifaðra kennara á fyrstu þremur árum þeirra í starfi. Ljóst er að kennarar á öllum skólastigum gegna veigamiklu hlutverki í gæðum skólastarfs og menntun komandi kynslóða. Brynt er að stuðla að aukinni viðurkenningu á störfum kennara og starfsumhverfi þeirra. Lögð verður áhersla á að fjölga nemendum í kennaranámi, körlum jafnt sem konum, og draga úr brotthvarfi nemenda úr námi. Einnig verður lögð áhersla á nýliðun kennara með sérþekkingu, til dæmis í stærðfræði og náttúruvísindum. Til að sporna við brotthvarfi nýútskrifaðra kennara á fyrstu árum þeirra í starfi er mikilvægt að þeir njóti leiðsagnar reynds kennara á vettvangi. Búið er að útfæra aðgerðir til að fjölga nýnemum í kennaranámi. Í þeim felst að starfsnám fyrir nemendur á lokaári til kennsluréttinda með sérhæfingu á leik- og grunnskólastigi verður launað, nemendur geta sótt um námsstyrk til að auðvelda þeim að sinna lokaverkefnum sínum samhliða starfsnámi og áhersla verður lögð á að fjölga kennurum með sérhæfingu í starfstengdri leiðsögn. Sem liður í að fjölga leikskólakennurum er einnig mikilvægt að þeim verði tryggður tími til að sinna undirbúningi og starfsþróun á vinnutíma.

Sérstök áhersla verður á fjölgun leikskólakennara þar sem viðvarandi skortur hefur verið í áratugi. Finna þarf leiðir til að fjölga leikskólakennurum umtalsvert. Liður í því er ákvæði um eitt leyfisbréf á skólastigunum þremur en einnig verður unnið að styrkingu leikskólastigsins.

3. Stefnumiðuð starfsþróun og lærdómssamfélag.

Öflugra kennaranám í takt við þarfir samfélagsins er einn liður í því að hvetja til þróunar og nýsköpunar á öllum skólastigum og undirbúa samfélagið fyrir breytingar. Auk nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara við leik-, grunn- og framhaldsskóla er búið að útfæra aðgerðir sem lúta að því að stuðla að aukinni viðurkenningu á störfum kennara og styðja betur við þá á fyrstu árum í starfi. Samhliða þessu er unnið að umbótum á starfsumhverfi kennara til aukinna gæða og samhæfingar starfsþróunar. Markviss stuðningur og leiðsögn við kennara og aðra fagaðila getur skipt sköpum við að styrkja innviði og tryggja umbætur í skólakerfinu. Í skýrslu samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda sem út kom í október 2019 eru settar fram 17 tillögur í átta flokkum til að auka gæði skólastarfs.

Fjölga þarf tækifærum kennara til að sameina faglegt nám og starfsþróun og leggja áherslu á að kennslufræði hugmyndafræðinnar menntun fyrir alla verði þungamiðja starfsþróunar í hverjum skóla. Skoða þarf leiðir til að tryggja jafnt aðgengi allra að starfsþróun svo allir geti eflt fagmennsku sína. Jafnframt verður horft til þess að stuðningur við starfsþróun og þróun lærdómssamfélaga í skólum og hjá öðrum fræðsluaðilum verði eitt af lögbundnum hlutverkum þeirra háskóla sem annast menntun kennara.

Til að hægt verði að mæta áskorunum framtíðarinnar og tryggja öllum hæfni til að mæta örum samfélags- og tæknibreytingum þarf að beita árangursríkum kennsluáðferðum. Skoða þarf nemendahópinn hverju sinni, námsefni og tækniframfarir. Fjölbreyttar kennsluáðferðir, aukið samstarf kennara, teymiskennsla og þróun lærdómssamfélaga hefur áhrif á árangur nemenda og bætir almennt starfsumhverfi kennara og annarra starfsmanna.

4. Jákvæð samskipti og skólabragur.

Skólabragur mótast af samskiptum og starfsháttum og því þarf hver skóli eða fræðslustofnun að mynda vinnustaðamenningu sem styður við nám og vellíðan nemenda og starfsfólks. Leiðarljós og gildi hvernar stofnunar, starfsfólks, kennara og stjórnenda gegna þar veigamiklu hlutverki. Góður skólabragur einkennist af vellíðan, góðum samskiptum, samkennd og jákvæðu viðhorfi til menntunar. Allar menntastofnanir og fræðsluaðilar eiga að tryggja öllum tækifæri til þátttöku í lýðræðissamfélagi. Til að svo megi verða þarf að þjálfa gagnrýna og skapandi hugsun svo allir skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast. Brýnt er að skólar og fræðsluaðilar skapi námsumhverfi þar sem öllum líður vel og eigi möguleika á farsælu námi. Margir þættir hafa áhrif á það hvort nemendum farnist vel í námi svo sem einelti, annað ofbeldi, fjölskylduaðstæður og áföll og vinna þarf markvisst að því að draga úr skólaforðun og brotthvarfi til að stuðla að góðri námsframvindu nemenda. Árangursríkast er að ná til sem flestra með forvörnum og snemmbærum stuðningi og skiptir þar máli góð samvinna ólíkra þjónustuaðila með það að markmiði að nemandinn og hagsmunir hans séu í forgrunni. Gæta þarf að samfellu í þjónustu við alla nemendur eins og lög og reglugerðir kveða á um.

5. Samfélagsleg vitund um mikilvægi menntunar.

Áhersla er lögð á að íslenskt menntakerfi sé sem best í stakk búið til að takast á við ófyrirséðar breytingar og áskoranir framtíðarinnar, það stuðli að jöfnum tækifærum og þar sé eftirsóknarvert að starfa. Þessi vitundarvakning tengist flestum sviðum þjóðlífsins og speglast í aðgerðum sem styðja við innleiðingu menntastefnu til ársins 2030. Stuðlað verði að áframhaldandi vitundarvakningu um mikilvægi menntunar í samfélaginu meðal annars með valdeflingu kennara og annarra starfsmanna, aukinni grundvallarþekkingu á samfélagi og náttúru og breytingu á hefðbundnum hugmyndum um menntun og mikilvægi hennar. Menningarfærni, menningarlausni og samkennd verða sífellt mikilvægari og styrkjast ekki hvað síst í óformlegu námi og með skiptinámi. Símenntun og starfsþróun munu skipta sífellt meira máli á tímum örra tæknibreytinga. Því er mikilvægt að hægt verði að finna menntun við hæfi hvers og eins byggða á styrkleikum, áhuga og hæfileikum.

6. Jöfn tækifæri allra til náms.

Hlutverk menntakerfisins er bæði að mennta einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu og að móta og viðhalda síbreytilegu samfélagi og menningu. Menntakerfið þarf að tryggja jöfn tækifæri til náms á forsendum hvers og eins óháð búsetu, aldri, kyni, menntun, uppruna og félagslegrar stöðu. Aðgengi að upplýsingum um nám og störf og tengingar milli skólastiga og fræðsluaðila er lykilþáttur í starfs- og námsvali. Tryggja þarf aðgengi að slíkum miðlægum upplýsingavettvangi ásamt ráðgjöf til áhugasamra, óháð aldri.

Í öllu námi verður leitast við að afnema kynjamismun og tryggja fólki í viðkvæmri stöðu aðgang að menntun og starfsþjálfun. Til að auka jafnræði í námi verði möguleikar til fjar- og dreifnáms nýttir. Byrja þarf í leikskóla að efla sjálfstraust barna með fræðslu og forvörnum sem þarf svo að fylgja eftir út ævina. Skólum og öðrum fræðsluaðilum ber að ábyrgjast samfellu í menntun frá unga aldri til fullorðinsára. Atvinnulífið er mikilvæg uppspretta hæfni í ævinámi og þá hæfni ber að meta og viðurkenna. Meginhlutverk frístundaheimila fyrir 6–9 ára börn er að bjóða þeim innihaldsríkt frístunda- og tómsundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali. Leiðarljós frístundaheimila er að bjóða öllum börnum þátttöku í fjölbreyttu frístunda- og tómsundastarfi án aðgreiningar með það að markmiði að efla sjálfstraust og félagsfærni þeirra. Starfið einkennist af öryggi, fagmennsku og gagnkvæmri virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar lögfestu árið 2013 og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem íslenska ríkið fullgilti árið 2016. Nýta þarf betur þau tækifæri sem felast í samstarfi skóla og frístundaheimila en einnig þarf að móta heildstæða stefnu í málefnum ungmenna sem miði að því að efla virkni ungs fólks í samfélaginu og lýðræðisþátttöku.

Unnið verður að nýju stuðningskerfi námsmanna sem sátt skapast um og miðar að jafnrétti til náms, aukinni skilvirkni og að staða námsmanna verði sambærileg við Norðurlöndin. Með menntasjóði er stefnt er að því að bæta fjárhagsstöðu nemenda, ekki síst þeirra sem hafa börn á framfæri, og hvetja þá til að klára nám sitt á tilsettum tíma með sveigjanleika vegna þarfa og aðstæðna. Í því felst ávinningur fyrir námsmenn í formi betri námsframvindu sem og þjóðhagslegur ávinningur fyrir samfélagið allt. Með íslenska hæfniramma (ISQF) má auka skilvirkni í menntakerfinu með því að meta hæfni sem einstaklingur tileinkar sér með námi alla ævi. Ramminn hefur tvíþættan tilgang, annars vegar að auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands og hins

vegar að auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa. Hann nýtist fyrst og fremst almenningi sem tenging milli formlegs og óformlegs náms. Miðað er við að hægt sé að tengja nám, óháð því hvar það er kennt, við hæfniprep rammans.

Mikilvægt er að einstaklingar með annað móðurmál en íslensku fái markvissa kennslu í íslensku og njóti viðeigandi þjónustu og stuðnings á öllum skólastigum og í atvinnulífinu. Mikilvægt er að leita leiða til að tryggja jafnan aðgang að stuðningi við móðurmál og þannig virkt fjöltyngi. Með því að styrkja móðurmál fólks af erlendum uppruna og efla um leið íslenskukennslu væri hægt að vinna gegn brotthvarfi úr námi og atvinnumissi. Þannig er stuðlað að jafnri þátttöku allra í samfélaginu.

7. Væntingar til nemenda.

Væntingar til nemenda þurfa að vera raunhæfar og taka mið af þörfum hvers og eins. Raunhæfar væntingar til nemenda hafa jákvæð áhrif á nám þeirra, gera þeim kleift að einbeita sér betur við nám sitt og þeir gefast síður upp. Væntingar og viðhorf kennara til nemenda geta skipt sköpum varðandi sjálfsmynd þeirra, þrautseigju í námi og námsárangri. Þá skiptir máli að nemendum standi til boða áhugaverð og krefjandi verkefni við hæfi hvers og eins. Þar gegna námsgögn og kennsluhættir veigamiklu hlutverki. Einnig þarf að ýta undir jákvætt viðhorf til náms og koma þannig í veg fyrir skólaförðun og brotthvarf.

8. Læsi og íslensk tunga.

Læsi í víðum skilningi og góð íslenskukunnátta er lykill að lífsgæðum. Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, til dæmis bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkunnáttu. Þrátt fyrir að læsi snúist um kerfisbundin tákni og miðlunartækni ber að undirstrika að það snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar og sú merkingarsköpun á sér aldrei stað í tómarúmi. Grundvallaratriði í menntun allra barna er að skapa þeim tækifæri til að efla hugsun sína, hugvitið, að þau þjálfist í að vinna með sívaxandi þekkingu og nýta sér hana á skapandi hátt. Í nútímaþjóðfélagi er nauðsynlegt að geta skilið, nýtt sér, metið og ígrundað mikið magn texta, mátað það sem lesið er við fyrri reynslu og þekkingu og tekið mið af ólíkum sjónarhornum. Samhliða áherslu á varðveislu tungumálsins er mikilvægt að efla læsi í víðum skilningi, þar með talið stærðfræði-, náttúru-, miðla-, menningar-, tilfinninga- og heilsulæsi. Bæta þarf námsárangur nemenda í íslensku, meðal annars í ljósi slakrar útkomu úr PISA-rannsókn. Nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku vegnar verr í íslensku skólakerfi og þeim er hættara við brotthvarfi úr námi. Skólastarf sem tekur mið af fjölbreytni og fjölmenningu þar sem nemendur geta nýtt sér styrkleika sína og fundið tengingar við eigin menningu og tungumál hefur gefist best til að koma til móts við þennan hóp. Rannsóknir með foreldrum sýna að foreldrum af erlendum uppruna er annt um menntun barna sinna og hafa væntingar gagnvart skólagöngu þeirra og framtíð. Þeir hafa áhyggjur af íslenskukennslu barnanna og kalla jafnframt eftir að móðurmáli þeirra verði gert hærra undir höfði.

Mikil áskorun felst í þróun og framtíð íslenskunnar og á tímum örrar alþjóðavæðingar og tæknibyltingar er mikilvægt að styrkja stöðu þjóðtungunnar. Frá árinu 2015 hefur verið unnið að bættum lesskilningi með fimm ára læsisverkefni á vegum Menntamálastofnunar. Á vegum stofnunarinnar er verið að þróa lesferil sem metur stöðu og framvindu nemenda í hljóðkerfisvitund, lesfimi, lesskilningi, orðaforða, stafsetningu og ritun. Sveitarfélögum og skólum hefur verið veitt ráðgjöf og fræðsla meðal annars um gerð læsisstefnu, læsi í leikskóla, nýtingu tölfræðilegra gagna og samstarf við foreldra. Mikilvægt er að viðhalda skuldbindingu allra þeirra sem hlut eiga að máli til að vinna áfram að bættum árangri í læsi og ná fram sem víðtækastri samstöðu um útfærslu á þjóðarsáttmála um læsi frá 2015. Einnig þarf að ná fram bættum árangri í stærðfræðilæsi og læsi á náttúruvísindi við lok grunnskóla.

Þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi var samþykkt á Alþingi í júní 2019. Markmið með ályktuninni er að íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins, íslenskukennsla verði eflað á öllum skólastigum ásamt menntun og starfsþróun kennara og að framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi verði tryggð. Þar er meðal annars lögð áhersla á vitundarvakningu um íslenska tungu, mikilvægi læsis, íslensku sem annað mál, kennaramenntun og starfsþróun, kennslu og rannsóknir og námsgagnaútgáfu. Mótuð verður aðgerðaáætlun til að ná fram markmiðum.

9. Starfs-, iðn- og tækninám.

Töluverður aldurs- og kynjahalli er í aðsókn að starfs-, iðn- og tækninámi. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að snúa þeirri þróun við og hefur ráðuneytið stutt við mörg verkefni sem ætlað er að vekja athygli og áhuga allra nemenda, óháð kyni og aldri, á starfs-, iðn- og tækninámi. Með samkomulagi sem ráðherra, Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga undirrituðu (2020) verður farið í samstilltar aðgerðir til að auka áherslu á list-, verk- og tæknigreinar í grunnskólum, breyta lögum um háskóla svo iðnmenntaðir njóti sömu réttinda og þeir sem hafa lokið stúdentsprófi við inngöngu í háskóla, einfalda skipulag starf- og tæknináms, bæta aðgengi að starfs- og tækninámi á landsbyggðinni og styrkja náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum. Náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðsla gegna mikilvægu hlutverki í að aðstoða nemendur við að finna hvar styrkleikar þeirra og áhugi liggur. Starfsfræðsla ber að styrkja á öllum menntastigum enda er upplýst náms- og starfsval lykilatriði í velferð einstaklinga og þar með samfélagsins í heild. Markmið náms- og starfsfræðslu og ráðgjafar er að efla færni hvers og eins, óháð aldri, í stjórnun á eigin náms- og starfsferli. Þá þarf að móta heildræna stefnu í verk- og starfsnámi á öllum skólastigum.

Mikilvægt er að skólar og fræðsluaðilar sinni áfram því hlutverki sem þeim er ætlað á tímum samfélagslegra breytinga. Unnið er að því að námsframboð fjölgi tækifærum nemenda til virkrar þátttöku í atvinnulífi og samfélagi meðal annars með þróunarverkefni um fagháskólanám. Til að stuðla að samfelli og eðlilegri framvindu í námi starfsnámsnema verður í samvinnu við hagsmunaaðila þróað og innleitt rafrænt samskiptakerfi. Í því felst meðal annars rafræn ferilbók sem er ætlað að leiða saman nemendur, vinnustaði og skóla, gera námið nemendamiðaðra, auka samstarf skóla og atvinnulífs, auðvelda nemendum yfirsýn og skólum umsjón með starfsnámsnemendum. Þá verður einnig horft til styttri námsbrauta þar sem leiðarljós í uppbyggingu verði á þarfir nemenda og atvinnulífs.

10. Ráðgjöf um nám og störf alla ævi.

Náms- og starfsráðgjöf snertir fleti alls samfélagsins í gegnum uppbyggingu færni, menntunar, atvinnu og samfélags. Framlag náms- og starfsráðgjafar felst í því að styðja við stefnu stjórnvalda á sviði menntunar og efnahags með því að aðstoða einstaklinga og heildir til þátttöku í lýðræðissamfélagi og gæta að félagslegu réttlæti. Náms- og starfsráðgjöf grundvallast á rannsóknum, fagmennsku og verkfærum fagsins þegar kemur að vali á leiðum til að draga úr brotthvarfi, stuðningi við einstaklinga og náms- og starfsfræðslu. Með áherslu á aðgengi, samfelli og samlegð í náms- og starfsráðgjöf er séð til þess að tilfærsla einstaklings á milli kerfa, menntunar og vinnumarkaðar verði sem farsælust. Náms- og starfsráðgjöf á að vera aðgengileg öllum og veitt af þar til bærum sérfræðingum, náms- og starfsráðgjöfum, samanber löggjöf um grunn- og framhaldsskóla. Náms- og starfsfræðsla gerir það að verkum að einstaklingur er upplýstari um valkosti í námi og starfi og geti samræmt það áhugasviði sínu og eflingu færni. Starfahugsun barna og ungmenna myndast snemma og því er mikilvægt að efla útgáfu íslensks efnis til notkunar í náms- og starfsfræðslu. Lögð verði áhersla á uppbyggingu á vef- og upplýsingatækni til miðlunar upplýsinga sem efla starfahugsun. Með tilkomu stafrænna miðla og stafrænnar náms- og starfsráðgjafar eykst aðgengi að náms- og starfsráðgjöf. Einnig skapast aukin tækifæri til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar á sviði náms- og starfsráðgjafar.

Íslenskt samfélag þarf á öllum einstaklingum að halda til að takast á við áskoranir. Brotthvarf nemenda er íslensku samfélagi dýrt þar sem framlag einstaklings tapast og hæfni og færni nýtur sín ekki sem skyldi. Náms- og starfsráðgjöf er hluti af vistkerfi menntunar og beitir skilvirkri aðferðafræði náms- og starfsráðgjafar og náms- og starfsfræðslu sem lið í því að draga úr brotthvarfi úr námi. Með færni í að stýra sínum náms- og starfsferli, auknu aðgengi að gæðanáms- og starfsupplýsingum og aðgengi að ráðgjöf er stuðlað að því að einstaklingur finni sinn farveg á sviði menntunar og atvinnu. Samfella er í þjónustunni sem veitt er þvert á skólastig og atvinnulífið og eykur líkur á farsælli yfirfærslu frá menntun til vinnumarkaðar frá æsku til fullorðinsára. Fjármunum er ráðstafað á skilvirknan hátt í nánú samstarfi ólíkra aðila. Fjárfesting í heildstæðu náms- og starfsráðgjafarkerfi skilar sér ekki aðeins í eflingu náms- og starfsráðgjafar í þágu einstaklinga og samfélagsins heldur einnig í skilvirkni og samlegðaráhrifum á velsæld íslensks samfélags, samkeppnishæfni landsins og framúrskarandi menntakerfi.

11. Samkeppnishæft menntakerfi.

Íslenskt menntakerfi og rannsóknir gegna lykilhlutverki við að hagnýtingu og mótun tækninýjunga og stuðla að jákvæðum áhrifum þeirra á lífsgæði og velferð almennings. Þá gegna skólar og fræðsluaðilar mikilvægu hlutverki við að bregðast við hnattrænum áskorunum svo sem

loftslagsbreytingum. Á vorþingi 2019 voru samþykkt lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir en meginmarkmið laganna felst í auknum möguleikum Íslands á að taka þátt í sameiginlegum alþjóðlegum sjóðum á sviði grunnrannsókna. Ákvörðunartaka um rannsóknarinnviði verður jafnframt eflað með sérstakri stjórn Innviðasjóðs. Í júní 2019 voru einnig samþykkt lög um samtök um evrópska rannsóknarinnviði sem mun gera Íslandi kleift að gerast aðili að innviðum til rannsókna í Evrópu. Munu lögin stuðla að alþjóðlega samkeppnishæfu umhverfi rannsókna og nýsköpunar hér á landi. Til að viðhalda samkeppnishæfni og auka gæði hefur verið unnið að því að framlög til háskóla nái meðaltali ríkja innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Norðurlanda. Þá er í vinnslu stefna Vísinda- og tækniráðs 2020–2022 þar sem lagður er grunnur að fjármögnun, samstarfi þvert á geira og greinar, alþjóðlegu samstarfi, mannauði, frumkvöðlamenningu og skilvirku stofnanakerfi.

Gott flæði háskólanemenda, kennara og fræðafólks milli innlendra og erlendra menntastofnana er nauðsynleg forsenda alþjóðavæðingar. Með alþjóðavæðingu menntakerfisins styrkjast tengsl milli einstaklinga, samtaka og stofnana í ólíkum heimshornum sem stuðlar að auknum skilningi og hraðari samskiptum milli landa og menningarheima. Nauðsynlegt er að allt menntakerfið viðurkenni og kynni sér tungumála-, menningar- og félagsauð allra nemenda og líti á fjölbreytileika sem styrk en ekki veikleika. Mikilvægi tungumálanáms og tvítýngis er sett í öndvegi í fjölþjóðlegum stefnum og ítrekað að færni í meirihlutatungumáli samfélagsins liggja til grundvallar bæði námsgengi og félagslegri og menningarlegri þátttöku. Litið er svo á að góður skilningur á tungumálum og ólíkri menningu stuðli að auknum skilningi og samkennd milli fólks auk þess sem vernd tungumála stuðli að auknu lýðræði og menningarlegri fjölbreytni.

Gæði náms og rannsóknarstarfs treysta samfélagslegt hlutverk háskóla og styðja þannig við lýðræði, samfélagsmætti, menningu og íslenska tungu. Öflugt skólustarf, starfsþróun og símenntun er ein af undirstöðum kraftmikils og fjölbreytts efnahagslífs og stöðugleika og þess að unnt verði að auka framleiðni á Íslandi til frambúðar en hún er minni en í nágrannaríkjunum. Tryggja þarf að samkeppnisstaða landsins styrkist svo vel menntað fólk leiti ekki til útlanda eftir störfum við hæfi. Á aðalráðstefnu UNESCO 2019 var samþykktur samningur um gagnkvæma viðurkenningu háskólamenntunar á heimsvísu sem tryggir betur stöðu og hreyfanleika fólks sem slíka menntun. Mikilvægt er að Ísland staðfesti sem fyrst þennan mikilvæga UNESCO-samning.

Byggja þarf og treysta brýr á milli skóla og atvinnulífs til að efla samstarf um hagnýtingu þekkingar og til að námsframboð styðji við þróttmikið atvinnulíf. Í þjóðhagskönnun sem OECD birti haustið 2019 er sérstaklega bent á misræmi í menntun starfsmanna og hæfnipörf atvinnulífsins. Þar er bent á að bæði sé töluverður skortur á starfsfólki með mikla menntun og færni og á sama tíma sé algengara á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum að starfsfólk sé með meiri menntun og hæfni en kallað er eftir í þeirra störfum. Bent er á að við þessar aðstæður hafi atvinnulífið leitað til erlends vinnuafns sem oft og tíðum á erfitt með að samlagast íslenskum aðstæðum meðal annars vegna skorts á tungumálakunnáttu. Á sama tíma er mikilvægt að menntun fólks nýtist því í starfi og því þarf að leita leiða til að menntakerfið svari betur þörfum atvinnulífsins. Mikilvægi ævináms er óumdeilt í þessu samhengi og á tímum örra atvinnubreytinga. Þannig er raunfærnimat mikilvægt tæki til að auðvelda fólki að þróast áfram í starfi og til að fá margvíslega hæfni metna inn í áframhaldandi nám. Með aðferðum raunfærnimats fær fullorðið fólk fyrri reynslu, svo sem þátttöku á vinnumarkaði eða í félagsstörfum, metna á móti námskrám eða hæfnikröfum starfa og getur þannig stytt sér leið að settu marki. Vinna þarf að því að samræma aðferðir raunfærnimats á milli kerfa og auka aðgengi einstaklinga að því samráði við hagsmunaaðila. Leggja þarf áherslu á raunfærnimat á háskólastigi.

12. Ævinám og markviss uppbygging hæfni.

Lögum um framhaldsfræðslu er ætlað að auðvelda fullorðnum með stutta skólagöngu að afla sér menntunar og starfsréttinda. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar hefur hlutfall þeirra sem minnstu menntunina hafa farið lækkandi eða úr 27,1% einstaklinga á vinnumarkaði árið 2010 í 22% árið 2018. Fleiri karlar en konur eru í markhópi framhaldsfræðslunnar og hlutfallslega hafa fleiri lokið formlegu námi á höfuðborgarsvæðinu.

Framhaldsfræðslukerfið er mikilvægt sem annað tækifæri fólks á vinnumarkaði til náms. Mikilvægt er að auka gagnsæi framhaldsfræðslukerfisins hvað varðar stífganda í námi, gæði, mat á hæfni og dreifingu fjármagns. Stefnit er að því að einfalda kerfið sem og reglur um úthlutun fjárveitinga. Nám og þjálfunarúræði fyrir fullorðna er fjármagnað eftir mörgum leiðum og vöxtur hefur verið í

starfsþróun og símenntun á vegum fræðsluaðila, skóla, fyrirtækja, stofnana og samtaka aðila á vinnumarkaði. Starfsmenntasjóðir eru fjármagnaðir með launatengdum gjöldum eða framlögum í gegnum kjarasamninga og veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum ýmsa náms- og starfsþróunarstyrki.

Í skýrslunni *Ísland og fjórða iðnbyltingin* sem forsætisráðuneyti gaf út í febrúar 2019 kemur fram að því hærra sem menntunartig einstaklings í starfi er þeim mun minni líkur eru á sjálfvirknivæðingu starfsins. Um helmingur þeirra starfa sem krefjast minnstu menntunar, eða um 26.000 störf, getur horfið með öllu og önnur 45% eru líkleg til að taka miklum breytingum. Þessari áskorun þarf að mæta með jöfnum tækifærum til starfsþróunar og símenntunar þar sem fullorðnum gefst kostur á að afla sér nýrrar þekkingar til að takast á við eða skapa ný störf.

13. Sköpun, gagnrýnin hugsun og hagnýting þekkingar.

Tækniþróun hefur verið hröð á undanförunum árum og er því spáð að mörg störf verði vélvædd á næstu áratugum. Að auki eru margar áskoranir framtíðarinnar, svo sem loftslagsbreytingar, flóknar og gera kröfu til samstarfs þvert á fræðigreinar og góðra tengsla vísinda við samfélag. Til að Ísland geti tekist á við þessar breytingar þurfa skólar og aðrir fræðsluaðilar að vinna markvisst að því að efla alþjóðlegt samstarf um þekkingarsköpun um samfélagslegar áskoranir og stuðla að þverfaglegum verkefnum og rannsóknum. Námsframboð verði í samræmi við þarfir framtíðar og áhersla á listir, nýsköpun, frumkvöðlamennt og fjölbreytta kennsluhætti. Með bættum samgöngum, rannsóknum, tækni og samskiptum verður sífellt meiri þörf fyrir læsi í víðum skilningi, gagnrýna hugsun, skilning á ólíkum menningarheimum og hugmyndum fólks með ólíkan bakgrunn. Þörfin fyrir nýsköpun, gagnrýna hugsun og hagnýtingu þekkingar verður því stöðugt meiri. Stefnt verður að opnum aðgangi að niðurstöðum rannsókna og rannsóknargögnum á háskólastigi til að stuðla að því að fjárfesting í rannsóknum skili sér betur til samfélagsins. Stefna um uppbyggingu rannsóknarinnviða verður eflað með vegvísi. Gerð verður áætlun um miðlun vísinda og tækni frá háskólum til almennings, annarra skólastiga, stjórnvalda og atvinnulífs.

14. Stafræn borgaravitund og lýðræði.

Stafræn borgaravitund felur í sér notkun upplýsingatækni til þátttöku í samfélagi. Auka þarf fræðslu og vitund alls samfélagsins um stafræna borgaravitund. Sérstök áhersla þarf að vera á mikilvægi miðlálæsis sem er stór þáttur í að standa vörð um lýðræðislegt þjóðskipulag sem og að stuðla að friðsamlegu samfélagi. Með aukinni tækni í menntastarfi fylgja nýjar áskoranir. Upplýsingatækni stuðlar að sveigjanleika, jafnrétti í námi og gefur rými til sköpunar á mörgum sviðum. Skólar og fræðsluaðilar þurfa að upplýsa nemendur sína um hvaða skyldur og ábyrgð felst í þátttöku í netsamfélagi. Nemandi þarf að búa sig undir virka þátttöku í nærsamfélagi jafnt sem alþjóðasamfélagi, þar sem samskipti, samvinna, gagnkvæm virðing og alþjóðatengsl gegna mikilvægu hlutverki. Nemendur þurfa að þekkja helstu leiðir að öruggum netsamskiptum og standa vörð um gott siðferði í öllu námi. Hæfniramma Evrópuráðsins um lýðræðismenntun setur fram þrjú megingildi sem ber að virða: manngildi og mannréttindi, menningarlegan fjölbreytileika ásamt lýðræði, réttindum, sanngirni, jafnrétti og réttaröryggi. Þessir þættir kallast á við áherslur Barnasáttmálans um réttindi allra barna á aldrinum 0–18 ára.

15. Ákvæði í aðalnámskrám styðji við áherslur menntastefnu.

Gildandi aðalnámskrár hverju sinni eru leiðarljós alls skólastarfs. Þær kveða á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs enda eru þær nánari útfærsla á gildandi lögum og reglugerðum skólastiganna. Endurskoða þarf námskrár reglulega og það þarf að gera í víðtæku samráði og sátt. Námskrár þurfa að vera skýrar og byggja á traustum stöðum sem allir skilja eins. Huga þarf vel að innleiðingu nýrra námskráa svo kennarar, skólastjórnendur, nemendur og foreldrar séu meðvitaðir um þá stefnu sem þar er sett fram. Tryggja þarf markvissan stuðning við innleiðingu menntastefnu þessarar og námskráa eftir endurskoðun. Vanda þarf til við innleiðingu breytinga með áherslu á að skapa sterkan þekkingargrunn.

16. Líðan og námsumhverfi.

Nám og námsumhverfi þarf að höfða til allra óháð kyni, getu og þörfum til að stuðla að vellíðan, góðri geðheilsu og félagsfærni nemenda. Af niðurstöðum innlendra og alþjóðlegra rannsókna og könnunar- og skimunarprófa sem lögð hafa verið fyrir hér á landi eru skýrar vísendingar um

mismunandi stöðu nemenda í íslensku skólakerfi með tilliti til kyns. Að jafnaði er kynjaslagsíða drengjum í óhag þó hún kunni að vera breytileg eftir námsgreinum, innan skóla, milli landshluta og frá ári til árs. Það getur haft áhrif á síðari tíma menntun, starfsmöguleika og tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Horft verður til rannsóknarniðurstaðna við frekari stefnumótun og leiðsögn um aðgerðir.

Koma þarf á skipulögðum forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni í samræmi við þingsályktunartillögu (2020) um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Einnig eru sambærilegar tillögur í þingsályktun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess sem samþykkt var á Alþingi 2019. Forvarnirnar þurfa að vera samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum og einnig eiga sér stað innan frístundaheimila og félagsmiðstöðva, íþrótta- og æskulýðsstarfs og í öðru tómstundastarfi. Markmiðið er að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni auk þess að byggja upp menningu virðingar og jafningjasamskipta þar sem ofbeldi og áreitni fær ekki þrífist.

Skólar geta með nýjum starfs- og kennsluháttum lagt mikilvægan grunn, mótað viðhorf til fjölmenningar og aukið virðingu fyrir tungumálum sem auðlind. Börn og fjölskyldur þeirra njóta góðs af þeim skólum þar sem markvisst hefur verið unnið að því að stuðla að fjölmenningarlegri menntun og að öll tungumál fái að njóta sín. Erlendar jafnt og íslenskar rannsóknir sem gerðar hafa verið á líðan barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn benda til þess að þau séu oft í viðkæmri félagslegri stöðu og finni frekar til vanlíðanar en jafnaldrar þeirra.

Námsgögn eiga að samræmast kröfum aðalnámskráa og taka mið af þróun í upplýsingatækni og margbreytileika nemendahópsins. Það er áskorun að auka gæði og fjölbreytni námsgagna til að mæta ólíkum þörfum nemenda.

17. Áhrif nemenda á eigið nám og nemendalýðræði.

Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Það geta þeir gert innan þeirra marka sem aldur þeirra og þroski leyfir. Ábyrgð vex því aðeins ef nemendur venjast því að taka ákvarðanir og standa við þær, bæði ákvarðanir sem nemendur taka einir og ákvarðanir í samráði við aðra. Sama á við um námsaðferðir sem þeir temja sér en nauðsynlegt er að nemendur eigi sem mest val um þær á öllum aldri. Áhersla verður lögð á að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til að ýta undir sjálfbæra þróun en þar gegnir ungt fólk lykilhlutverki. Samstarf verður haft við börn og ungmenni við stefnumótun og aðgerðir tengdar menntun. Hvetja þarf ungt fólk til þátttöku í mikilvægum ákvörðunum því þannig mun það öðlast þá kunnáttu og þekkingu sem þarf til að auka virkni sína og þátttöku í samfélaginu og þróun þess.

18. Snemmbær stuðningur.

Skipuleggja þarf viðeigandi námstækifæri og viðeigandi úrræði fyrir alla nemendur. Mikilvægt er að leitast við að hafa áhrif á þroska- og námsframvindu eins snemma og unnt er. Með styrkingu leikskólastigsins verður leitast við að sjá börnum og fjölskyldum þeirra fyrir þeirri þjónustu sem þörf er á. Einnig þarf að samhæfa og auka samstarf kerfa til að styðja við nemendur á öllum skólastigum. Áhersla verður lögð á snemmbæran stuðning, forvarnir og samvinnu í teyrum með áherslu á samstarf mismunandi fagstétta og stofnana. Slík nálgun mun hafa jákvæð áhrif á heilsu og líðan þeirra sem þjónustunnar njóta en einna mikilvægast er að grípa snemma inn í, sérstaklega í málefnum barna, enda margt sem getur átt sér stað á stuttum tíma hvað börn varðar. Einnig þarf að leggja áherslu á snemmbæran stuðning í málefnum barna og fullorðinna af erlendum uppruna.

19. Námsmat.

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í menntastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Námsmat á að vera einstaklingsmiðað, fjölbreytt, fela í sér leiðsögn og byggja á samræmdum viðmiðum. Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita upplýsingar um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms. Mikilvægt er að námsmat sé markvisst og áhersla sé lögð á að meta sem flesta námsþætti.

Í skýrslunni *Framtíðarstefna um samræmt námsmat* (2020) sem unnin var af starfshópi um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa eru lagðar fram tillögur um þróun heildstæðs námsmats. Tillögurnar lúta að því að auka gæði námsmats, gagnaöflunar og

greiningar á lykilþáttum og umbótum fyrir skólakerfið í heild og að þær tryggi betur en núverandi kerfi gagnsemi niðurstaðna meðal haghafa hvar sem er í kerfinu.

20. Ábyrgð.

Samábyrgð á heildstæðu menntakerfi þarf að tryggja. Rekstraráðilar bera ábyrgð á að tryggja nemendum nám og kennslu við hæfi í samræmi við fyrirmæli menntalaga, aðalnámskrár og áherslur menntastefnu til ársins 2030. Skólastjórnendur veita skólum forstöðu og mikilvægt er að stjórnun og fagleg forysta sé skýr og markviss svo að samstarf allra aðila skólasamfélagsins sé skilvirkt. Kennarar útfæra á faglegan hátt í kennslu og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá. Skólar og heimili bera sameiginlega ábyrgð á alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi. Skýr og fagleg forysta er lykiltríði og markviss og skýrt samstarf allra aðila skólasamfélagsins þarf að vera skilvirkt. Þá þarf að skoða vel og greina þá skóla og þá fræðsluaðila sem standa sig vel og læra af því sem vel er gert. Einnig er mikilvægt að eftirlit sé skýrt þannig að tryggt sé að allir fái nám og menntun við hæfi í samræmi við lög, reglugerðir, námskrár og menntastefnu. Skýra þarf eftirfylgni með umbótum og stuðla þarf að fjölbreyttum starfsmannahópi með mismunandi hæfni sem veitt getur víðeigandi stuðning.

21. Væntingar til foreldra.

Stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi getur skipt miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan þeirra. Farsæld nemenda verður því best tryggð í góðu samstarfi foreldra og skóla þar sem markmiðið er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og virku samráði heimila og skóla. Skólar og foreldrar bera því sameiginlega ábyrgð á farsæld og námi barna. Samkvæmt lögum bera skólastjórnendur ábyrgð á samstarfi við heimili. Þá ábyrgð og skyldur allra hlutaðeigandi þarf að skýra með leiðbeiningum og viðmiðum.

Styðja þarf foreldra af erlendum uppruna því þeir hafa líkt og aðrir foreldrar væntingar gagnvart skólagöngu barna sinna og framtíð.

22. Samhæfing þjónustuaðila.

Ráðuneytið hefur frá árinu 2017 unnið að menntun fyrir alla og eftirfylgni með niðurstöðum úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi sem unnin var að frumkvæði ráðuneytisins af Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir. Áskorun felst meðal annars í að auka skilvirkni og gagnsæi við ráðstöfun fjármuna til almennrar kennslu og þjónustu við nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Einnig er nauðsynlegt að bregðast við þörf fyrir samræmd viðmið um þjónustu við nemendur og skóla á landsvísi. Ráðuneytið hefur í samstarfi við hagsmunaaðila lagt fram aðgerðaáætlun til úrbóta sem meðal annars beinist að endurskoðun á fjármögnun menntakerfisins og skilgreiningu á lágmarksþjónustu. Þannig muni útteiling fjármagns nýtast sem best í þágu menntunar fyrir alla og þjónustukerfi verða samhæfð og samþætt til að mæta einstaklingsbundnum þörfum nemenda. Vinna þarf skipulega að því að koma á samhæfingu þeirra þjónustukerfa utan skólanna sem styðja einstaka nemendur, fjölskyldur og skóla við að mæta einstaklingsbundnum þörfum nemenda á heildrænan hátt. Þá þurfa skólar að fá markvissan stuðning og kennslumiðaða ráðgjöf við að innleiða starfshætti sem samhæfa vinnu sérfræðinga innan skóla í málefnum einstakra nemenda og sérfræðinga utan hans.

Í september 2018 skrifuðu félags- og jafnréttismálaráðherra, heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, dómsmálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu í þeim tilgangi að brjóta niður múra milli kerfa, bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag. Í janúar 2019 var stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna formlega skipaður og sitja í honum fulltrúar allra ráðherra sem undir yfirlýsinguna rituðu ásamt fulltrúa forsætisráðherra. Markmið hópsins er að stuðla að samvinnu og samhæfingu í málefnum barna þvert á málafnasvið ráðuneyta. Unnið hefur verið á vegum stýrihópsins að nýrri *heildarlöggjöf um samþættingu þjónustu í þágu barna og barnafjölskyldna*. Meginmarkmið laganna er að stuðla að því börn og barnafjölskyldur eigi greiðan aðgang að markvissri, samhæfðri og víðeigandi þjónustu á öllum þjónustustigum. Öll ráðuneyti sem eiga þátt í að styðja, efla og tryggja velferð barna munu bera skyldu samkvæmt lögnum til að greina, meta og grípa til nauðsynlegra aðgerða í því skyni að ná markmiðum laganna.

Áhersla verður lögð á samábyrgð stjórnvalda og heildstæða skólþjónustu á landsvísi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Mikilvægt er að þjónustan styðji við nemendur, störf kennara og skóla,

Þannig getur hún þannig stutt við umbætur og skólaþróun sem byggir á viðtæku mati á skólastarfi. Í skýrslunni *Menntun fyrir alla, horft fram á veginn* sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti árið 2019 eru settar fram tillögur í sjö liðum. Tillögurnar eru byggðar á því að sameiginlegt markmið allra aðgerðanna sem í þeim felast sé að auka gæði náms allra nemenda og að menntakerfið í heild beri sameiginlega ábyrgð á því. Engu að síður er gengið út frá því að ábyrgð á tilteknum málaflokkum geti tilheyrt einu eða fleiri lögum í vistkerfinu sérstaklega og séu á ábyrgð hagsmunaaðila og stjórnenda sem þar starfa.

23. Umbótamiðað gæðamat.

Mat á skólastarfi er nátengt hugmyndum um lærdómssamfélög en hefur einnig skírskotun til menntakerfisins í heild. Ytra sem innra mat á skólastarfi getur verið mikilvægt hreyfiafl skólaþróunar. Forsenda þess er að vel sé staðið að framkvæmd, það sé byggt á skýrum og rökstuddum viðmiðum um alla þætti skólastarfs og feli í sér skipulega söfnun og túlkun gagna sem lýsa starfinu. Til að hægt sé að dæma um gæði og skilvirkni menntastarfsins þarf að vera hægt að bera niðurstöðurnar við skilgreind viðmið. Tilgangurinn ætti að vera að veita þeim sem bera ábyrgð á menntastarfi og framkvæmd menntastefnu upplýsingar sem gera þeim kleift að fylgjast með starfsemi menntakerfisins, tryggja gæði og stuðla að umbótum.

Bæði innra og ytra mat er lögbundið viðfangsefni á öllum skólastigum og tryggja þarf að framkvæmd þess leiði til umbóta svo sem gert hefur verið í háskólum. Í ljósi mikilvægis mats á skólastarfi verður sjálfsmat eflt á öðrum skólastigum og unnið að hagnýtingu þess sem leiðsagnarmats. Viðmið verða sett um gæði skólastarfs sem taka mið af menntun fyrir alla og eflingu innviða.

24. Menntatölfræði.

Gott yfirlit yfir íslenska menntatölfræði er nauðsynlegur þáttur til að standa vörð um gæði náms og kennslu. Menntatölfræði skiptir einnig miklu máli við stefnumótun og ákvörðunartöku og samfella í þeim mælingum er afar mikilvæg. Skilgreina þarf betur og birta lykiltölur sem lýsa menntakerfinu, meðal annars um kynjamun og aðgengi að námi og starfsþjálfun í öllum landshlutum. Menntatölfræði þarf að ná yfir allt menntakerfið, frá leikskóla til símenntunarkerfa. Færnisþár byggðar á menntatölfræði munu nýtast í öllu skóla- og fræðslustarfi. Með skýrum lykiltölum og auknu gagnsæi í fjárveitingum er stefnt að skilvirkari nýtingu fjár og auknum gæðum í námi og þjónustu. Finna þarf leiðir í samvinnu við rekstraraðila skóla, stofnanir og aðra hagsmunaaðila til að tryggja gæði og aðgengi menntatölfræði til framtíðar. Setja þarf viðmið um birtingu niðurstaðna um námsárangur opinberlega og með hvaða hætti birta eigi viðkomandi skólum og sveitarfélögum sínar niðurstöður.

25. Skilvirk ráðstöfun fjármuna.

Framúrskarandi menntakerfi einkennist af gagnsæjum skilvirkum fjárveitingum og miklum gæðum í námi og þjónustu og stuðlar að jöfnum tækifærum allra til náms og virkrar þátttöku auk þess að vera vel búð til að takast á við ófyrirséðar samfélagsbreytingar og áskoranir framtíðarinnar. Mikilvægt er að skólakerfið standist alþjóðlegan samanburð og að íslenskt samfélag geti hagnýtt þróun tækniþreyinga og brugðist við hnattrænum áskorunum. Skýrar reglur um fjárframlög sem einkennast af framsýni þarf fyrir þróun menntakerfis án aðgreiningar á Íslandi. Kanna þarf leiðir til breytinga og umbóta á núverandi kerfi sem leitt gætu til enn betri ráðstöfunar fjármuna svo nemendur geti öðlast gæðamenntun á sameiginlegum vettvangi þar sem þeir eiga þess kost að nýta námsgetu sína til fulls. Þannig verði horfið frá viðbragðsmiðuðum stuðningi og þess í stað lögð áhersla á stuðning og forvarnir til þess að auka hæfni kerfisins til að starfa á grundvelli jafnaðar, skilvirkni og hagkvæmni. Sveitarfélög og rekstraraðilar leik- og grunnskóla setji fram framkvæmdaáætlanir sem hafa þann tilgang að auðvelda skólum að nota almennar fjárveitingar á sveigjanlegri hátt og þróa kennsluhætti sína auk þess að setja fram áætlanir um gegnumstreymiskerfi fjárveitinga með það að markmiði að fjölga þeim leiðum sem skólar geta farið til að veita öllum nemendum aðstoð. Endurskoðaðar verði reglur um aðstoð við nemendur sem geta stuðlað að aukinni hæfni starfsfólks í hverjum skóla og hverju sveitarfélagi. Unnið verður áfram að endurskoðun og innleiðingu reiknilíkana sem útdeila fjárveitingum til framhaldsskóla, háskóla og símenntunarstöðva. Miðað við áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar er ljóst að fullorðinsfræðslan þarf aukið fjármagn og þá sérstaklega markhópur

framhaldsfræðslunnar. Stefnt er að því að auka fjármögnun háskóla þannig að Ísland nái meðaltali nágrannaríkja sem mun skipta sköpum fyrir bæði kennslu og rannsóknir í íslenskum háskólum.

Meginmarkmið stjórnvalda hvað varðar starfsemi á háskólastigi er að framsækna og alþjóðlega samkeppnishæfar rannsóknarstofnanir og háskólar skapi þekkingu, miðli henni og undirbúi nemendur til virkrar þátttöku í nútímaþekkingarsamfélagi og til verðmætasköpunar sem byggist á hugviti, nýsköpun og rannsóknum. Meðal aðgerða í stefnu- og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs er að auka gæði og skilvirkni í háskólastarfi með því að efla fjármögnun og endurskoða reglur um fjárveitingar til háskóla. Því hefur verið unnin grænbók um fjármögnun háskóla. Í henni er gerð grein fyrir núverandi fjárveitingakerfi, valmöguleikum við hönnun á nýju kerfi og settar fram lykilspurningar til að efla umræðu um stefnu um háskóla og hvaða fyrirkomulag fjárveitinga styðji best við innleiðingu á slíkri stefnu. Þar er einnig fjallað um hlutverk háskóla og núverandi stefnu, stöðu háskólakerfisins og háskólamenntunar. Farið er yfir mögulegar aðferðir við skiptingu fjár til háskóla og dæmi tekin frá samanburðarríkjum um útfærslu á fjárveitingum.

DRÖG